

Sþ. 329. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um stofnun Búnaðarbankaútibús í Árnes- eða Rangárvallasýslu.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita áhrifum sínum í þá átt, að Búnaðarbanki Íslands opni útibú í Árnessýslu eða Rangárvallasýslu.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um Búnaðarbanka Íslands, nr. 115 7. nóv. 1941, er tilgangur bankans „að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu.“ Getur bankinn haft útibú eða umboðsskrifstofur, þar sem bankastjórn telur þörf á, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, sem hefur umsjón bankans, sbr. lög nr. 48 1960, um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbankann.

Verulegur hluti af starfsemi bankans er varzla Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem hefur yfirtekið starfsemi ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs sveitabæja og hafði í útlánum um seinustu áramót 459 milljónir króna. Í annan stað er varzla veðdeildar bankans, sem hafði í útlánum um áramótin 100.9 milljónir. Má gera ráð fyrir, að nær allir bændur landsins eigi meiri og minni viðskipti við þessar deildir bankans.

Bankinn rekur nú útibú á Akureyri, á Egilsstöðum og á Blönduósi og þar að auki þrjú útibú í Reykjavík, Vegamótaútibú, Austurbæjarútibú og Vesturbæjarútibú, og er í þann mund að opna fjórða bankaútibúið í Reykjavík. Vert er að vekja athygli á þeim mun, sem er á útibúi í Reykjavík, sem eingöngu annast söfnun sparifjár og móttöku geymslufjár, og á útibúi annars staðar á landinu, sem annast útlánastarfsemi. Þrátt fyrir það hlýtur að teljast ekki óeðlilegt, að Búnaðarbankinn hefði útibú í því héraði landsins, þar sem landbúnaður er mestur og á lífvænlegasta framtíð. Í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og í Vestur-Skaftafellssýslu búa kringum 1500 bændur, meira en fjórðungur allra bænda á landinu, og þar fer fram tiltölulega mun meiri hluti landbúnaðarframleiðslunnar en tala bænda segir til um, þar sem bústærð er þar miklu meiri en annars staðar. Allir bændur á þessu svæði þurfa að gera sér ferð til Reykjavíkur til að sinna viðskiptum við lánastofnanir landbúnaðarins í bankanum.

Með tilliti til þessa er það engin furða, þótt sparissjóðsviðskipti bænda við Búnaðarbankann séu minni en efni standa til, en þau mundu að sjálfsögðu eflast við stofnun útibús, sem væri nær en nú er.

Það væri til mikils hagræðis fyrir bændur í þessu héraði, ef bankinn kæmi til móts við þarfir þeirra og setti upp útibú annaðhvort í Árnessýslu, t. d. á Selfossi, eða austar í sveitum, í Rangárvallasýslu, t. d. á Hellu eða á Hvolsvelli. Það væri því ekki óeðlilegt, þótt Alþingi lýsti nú þeim vilja sínum, að svo verði gert.

Búnaðarbankinn hefur nú komizt í þær álnir að eiga kringum 60 milljónir í skuldlausri eign, og ætti hann því að gera orðið að liði sem lánastofnun í héraði, þar sem landbúnaður er í örum vexti. Því er ekki þar með haldið fram, að bankaútibú út af fyrir sig leysi lánsfjárvandamál bænda. En hitt má þó vera ljóst, að útibú í slíku héraði mundi stórlega greiða fyrir fjármálaviðskiptum bænda, en það er einmitt upprunalegur og óumdeilanlegur tilgangur Búnaðarbankans að ætlan Alþingis.